

# Samstarf við stjórnvöld

## Löggjöf og leyfisveitingar

Nauðsynlegt er að eftirlitsstofnanir aðstoði líftækni-fyrirtæki, vinni með þeim og veiti þeim ráðgjöf og leiðbeiningar. Útfærsla á reglum, leyfisveitingum og

## Stuðningur við skráningar, leyfisveitingar og einkaleyfi

Skráningar og leyfisumsóknir fyrir framleiðslu og markaðssetningu líftæknaíurða eru tæknilega flóknar, t.d. fyrir matvæli, snyrtivörur, heilsuvörur og lækningavörur. Einkaleyfaskráning er dýr og tímafrekt ferli. Stuðningur og ráðgjöf opinberra aðila við skráningar getur skipt sköpum varðandi velgengni og markaðssetningu vöru.



eftirliti getur tekið mið af framkvæmd annars staðar í Evrópu t.d. í Svíþjóð og Danmörku. Mikilvægt er að lög og reglugerðir og framkvæmd þeirra, sem varða líftækni-fyrirtæki, séu ekki strangari hér á landi en í helstu viðskiptalöndum. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að skipa fólk í fagnefndir á faglegum grunni.




# Líftækniiðnaður

## HUGVIT - VERÐMÆTASKÖPUN - VÖXTUR







Um allan heim sækjast þjóðir eftir að byggja upp atvinnugreinar sem krefjast hás menntunarstigs, geta staðið undir háum launum og fela í sér hátt hlutfall afleiddra starfa. Líftækni er dæmi um slíka atvinnugrein. Hér á landi eru hugvit og auðlindir fyrir hendi til að byggja upp fjölbreytta og öfluga starfsemi með margháttuð samlegðaráhrif fyrir aðrar atvinnugreinar. Líftæknin er alþjóðlegt vaxtarsvið með möguleika á verðmætasköpun sem getur aflað mikilla gjaldeyristekna fyrir þjóðfélagið.

Með líftækninni má nýta náttúruauðlindir með nýjum hætti til aukinnar verðmætasköpunar og vaxtar. Líftæknin spannar vítt svið allt frá

framleiðslu matvæla, heilsu- og rannsóknavara og lyfja, læknisrannsóknnum, vistvænni iðnferlum og hátækniþjónustu. Líftækni nær nú þegar til flestra þátta nútímasamfélags þótt fáum sé það ef til vill ljóst. Einkennandi fyrir líftæknina er að greinin byggist á mikilli þekkingaröflun, rannsóknnum og áralangri þróun afurða eða þjónustu. Góð skilyrði fyrir líftækniyrirtæki eru því samvinnuð skilyrðum til rannsókna í lífvísindum og tækniþróun. Með þær alþjóðlegu rætur sem íslenska vísindasamfélagið sækir þrótt sinn í, gott tengslanet við útlönd, ásamt frumkvöðlaanda og eljusemi, eru Íslendingar vel settir til að marka sér stöðu meðal annarra þjóða í líftækni.

## Stuðningur við vöxt fyrirtækja

### Rannsóknar- og þróunarstyrkir

Líftækniyrirtæki spretta upp úr rannsóknar- og þróunarumhverfi. Til að greinin vaxi þarf öflugar rannsóknir og þróunarstarf á sviði líftækni en hvort tveggja er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Þolinmótt fé þarf til að ná árangri og koma vörum á markað. Efling samkeppnissjóða með opinberum styrkjum gegnir lykilhlutverki í þróun greinarinnar og vöxt líftækniyrirtækja. Markvissar langtíma rannsóknaráætlanir þar sem fyrirtæki, háskólar og rannsóknastofnanir sameina krafta sína stuðla að framþróun á þessu sviði.



### Skattalegir hvatar og ívilnanir

Skattalegir hvatar og ívilnanir geta aukið áhuga og þolinmæði líftækniþjárfesta. Endurgreiðsla skatta til rannsókna- og þróunarstarfs hefur reynst árangursrík leið sem munar um.

### Áhættulán eða víkjandi lán

Fjölga ætti fjármögnunarmöguleikum fyrirtækjanna, m.a. með því að koma á legg áhættulánum eða

víkjandi lánum sem skila sér til baka að fullu ef árangur næst.

### Stuðningur við útflutning og markaðssetningu

Efla þarf stuðning og handleiðslu innan stoðkerfisins við stofnun sprotafyrirtækja, markaðssetningu og útflutning. Líftækniyrirtæki þurfa að geta leitað sér stuðnings við að koma vörum á markað að loknu löngu og ströngu þróunarferli. Efla þarf starf opinberra stuðningsaðila á þessu sviði og byggja upp sérþekkingu á markaðssetningu líftækniafurða. Markvisst samstarf við valda erlenda aðila getur auðveldað mjög markaðssetningu svo sérhæfðra afurða. Með bættri aðstoð og beinum styrkjum til markaðssóknar má stórauka árangur á þessu sviði.

### Erlendar fjárfestingar

Erfiðlega gengur að fá erlenda fjárfestingu í íslensk fyrirtæki vegna gjaldeyrishafta og óstöðugs starfsumhverfis. Þetta dregur einnig úr áhuga erlendra líftækniyrirtækja á að hefja starfsemi hér á landi. Aðkoma erlendra aðila myndi styrkja starfandi fyrirtæki og uppbyggingu þekkingar. Brýnt er að færa starfsumhverfið í sambærilegt horf og í nálægum löndum.

## Menntun og nýsköpun

### Menntun sérfræðinga



Það er kostnaðarsamt að byggja upp þekkingu en það er enn kostnaðarsamara að gera það ekki. Ef þekkingaruppbygging hér á landi dregst aftur úr öðrum þjóðum er erfitt að ná henni upp aftur. Líftækni er þverfagleg vísindagrein sem teygir sig inn á ótal svið þjóðfélagsins. Hlúa þarf að háskólamenntun, rannsóknnum og þróun á sviðum sem tengjast líftækninni. Markvisst má auka áhuga á þessum greinum í efstu bekkjum grunnskóla, m.a. með því að tengja kennslu í vísindagreinum hagnýtum dæmum og tækifærum sem snúa að líftækni.

### Rannsóknarsamstarf fyrirtækja, stofnana og háskóla

Fáar atvinnugreinar eru jafn nátengdar rannsóknarstarfi í háskólum og stofnunum. Stuðla þarf að aukinni tengingu milli atvinnulífs og háskóla. Sérstaklega þarf að huga að því að styðja unga vísindamenn til að stofna fyrirtæki byggð á rannsóknnum þeirra.

Þannig skapar vísindastarf í háskólum ný fyrirtæki og tækifæri fyrir ungt fólk til að byggja framtíð á Íslandi og efla íslenskt atvinnulíf.

### Frumkvöðlapjálfun

Leita þarf leiða til að efla hugrekki, þor og úthald

hjá þeim sem ráðast í að stofna sprotafyrirtæki. Nám í lífvísindum og raungreinum ætti að vera samþætt frumkvöðlapjálfun, námi í viðskiptum og markaðsfræði.

### Lífhagkerfið

Líftækniyrirtæki eru gjarnan í erlendu samstarfi og því eru tengsl við erlenda rannsóknarsjóði mikilvæg. Markmið í Horizon 2020 er að styðja við fyrirtæki til að koma vörum á markað. Lífhagkerfið er þar áherslusvið og aðstoð við fyrirtæki vegna umsókna getur skipt sköpum við að ná árangri.